



Hinn ímyndaði veruleiki sjónvarpsins

Áhrif á gildismat og hegðun

Sjónvarpið getur haft sterk áhrif á mótun gildismats og hegðunar. Ofbeldi, kynferðismál, einhliða myndir af kynþáttum og kynjum, misnotkun á áfengi og fíkniefnum eru algeng umfjöllunarefni í sjónvarpsþáttum. Áhrifagjarnt, ungt fólk getur dregið þær ályktanir að það sem það sér í sjónvarpinu sé dæmigert, öruggt og viðunandi, jafnvel ákjósanlegt. Af því leiðir að sjónvarpið getur hvatt til hegðunar og viðhorfa sem geta verið óæskileg og neikvæð.

Er ofbeldi lausn?

Ofbeldi er því miður snar þáttur í sjónvarpsefni nútímans. Hundruð rannsóknna á áhrifum sjónvarpsafbeldis á börn og unglínga hafa sýnt að börn geta:

- Orðið ónæm fyrir hryllingi ofbeldis.
- Farið að viðurkenna ofbeldi sem lausn á vandamálum.
- Farið að herma eftir því ofbeldi sem þau sjá á skjánum.
- Samsamað sig ákveðnum persónum, þöndum ofbeldis og/eða gerendum.

Mikið áhorf á ofbeldi í sjónvarpi veldur aukinni árársarhneigð. Einn dagskrárlíður sem inniheldur ofbeldi getur verið nóg til þess að auka á árársarhneigð. Börn sem horfa á sjónvarpsefni þar sem ofbeldi er mjög raunverulegt, siendurtekið og látið afskiptalaust, eru líkleg til að leika eftir það sem þau sjá, og ungt fólk getur orðið fyrir áhrifum þótt ekkert ofbeldi sé innan fjölskyldunnar. Áhrif ofbeldisins geta komið fram í hegðun barnsins fyrr eða síðar.

Þetta þýðir ekki að ofbeldi í sjónvarpi sé eina ástæðan fyrir árársargirni eða ofbeldiskennðri hegðun en það vegur þungt.

Með góðri handleiðslu lærir barnið þitt að nýta sér sjónvarpið á heilbrigðan og jákvæðan hátt.



Foreldrar!

- Veitum því athygli á hvað börnin horfa.
- Veljum þætti sem eiga við þroska barnsins.
- Neitum börnunum um að sjá þætti sem vitað er að innihalda ofbeldi, skiptum um stöð eða slökkvum á sjónvarpinu þegar þess er þörf og útskýrum hvers vegna viðkomandi sjónvarpsefni er ekki gott fyrir barnið.
- Bendum á að þótt leikarinn hafi kannski ekkert meitt sig, hvað þá dáíð, myndi samskonar ofbeldi valda meiðslum eða dauða í raunveruleikanum.
- Lýsum óánægju okkar með ofbeldi í sjónvarpi fyrir framan börnin, með áherslu á þá trú að þetta sé ekki rétt aðferð til að leysa vandamál.
- Tökum okkur saman um að setja svipaðar reglur um sjónvarpsáhorf, hvað varðar tíma og efni.
- Takmörkum tímann sem fer í sjónvarpsáhorf og ákveðum hvenær á að vera slökkt á sjónvarpinu. Sjónvarp og heimanám fara til dæmis ekki saman. Máltíðir eru góð stund fyrir fjölskylduna til að tala saman, ekki til að horfa á sjónvarp.
- Ræðum hlutverk auglýsinga og áhrif þeirra á okkur sjálf, innkaup og fleira.


Horfum með börnunum á sjónvarp og ræðum um efnið. Bendum á jákvæða hegðun eins og samvinnu, vináttu, og samúð með öðrum. Hjálpum börnunum að taka afstöðu til þess sjónvarpsefnis sem þau sjá.

Sjónvarp er mikill áhrifavaldur og stór hluti af lífi barna og unglínga. Sjónvarpsefni getur verið skemmtilegt, fróðlegt og haft ofan af fyrir börnunum okkar, en það getur líka haft mjög óæskileg áhrif á þau.

Þeim tíma sem fer í sjónvarpsáhorf gæti verið mun betur varið í mikilvægari hluti, svo sem í lestur, heimanám, leik, samveru með fjölskyldu og vinum og tómstundaiðkun. Börn fá líka oft óæskilegar eða beinlínis rangar upplýsingar úr sjónvarpinu. Þau geta átt erfitt með að greina á milli raunveruleikans og ímyndaðs veruleika sjónvarpsins. Þau verða fyrir áhrifum af þeim aragrúa auglýsinga sem þau sjá. Þær snúast iðulega um leikföng, áfengi, skyndifæði og ýmiss konar óhollustu.

Börn sem horfa of mikið á sjónvarp eru líklegri en önnur til að:

- Fá lægri einkunnir
- Lesa færri bækur
- Stunda síður líkamspjálfun
- Vera of feit



Sjálfbóðið Rauða kross starf Sjálfbóðið Rauða kross starf í Reykjavík

Við erum aldrei of mörg þegar á reynir

Reykjavíkurdéild Rauða kross Íslands starfar í anda grundvallarmarkmiða alþjóðahreyfingar Rauða krossins. Sjálfbóðaliðar deildarinnar vinna margvíslegt mannúðarstarf í borginni. En verkefni eru mörg og deildin hefur alltaf þörf fyrir fleiri vinnufúsar hendur.

Kvinnadeildin. Sjálfbóðaliðar Kvinnadeildarinnar veita margs konar aðstoð og þjónustu á sjúkrahúsum, Sjúkrahótel Rauða kross Íslands og í heimahúsum.

Neyðarvarnir. Fjöldi þjálfaðra sjálfbóðaliða deildarinnar er reiðubúinn að leggja fram krafta sína ef til neyðarástands kemur vegna náttúruhamfara eða af öðrum ástæðum.

Ungmennastarf. Ungt fólk gegnir mikilvægu hlutverki í starfi Rauða krossins. Sjálfbóðaliðar ungmennadeildarinnar vinna að forvarnastarfi, skyndihjálpi, alþjóðastarfi og ýmsum átaksverkefnum í þágu barna og unglínga.

Vinalínan. Símaþjónusta fyrir fólk á öllum aldri sem þarf einhvern til að deila með gleði og sorg. Sjálfbóðaliðar Vinalínunnar eru venjulegt fólk sem gefur sér tíma til þess að hlusta og gerir sitt besta til þess að liðsinna þeim sem hringja. Vinalínan er opin öll kvöld – síminn er 561 6464.

Börn og ungmenni í vanda. Deildin tekur þátt í rekstri Rauðakrosshússins, neyðarathvarfs fyrir börn og unglínga, vinnur að forvörnum gegn notkun vímuefna og stendur ásamt öðrum að Fjölskyldumiðstöð vegna barna í vanda.

Sjálfbóðamiðlunin

Hverfisgötu 105, sími 551 8800
netfang: sjalfbodamidun@deild.redcross.is



Skrifstofa Fákafeni 11, 108 Reykjavík
sími 568 8188 – fax 568 8210
netfang: reykjavik@deild.redcross.is
www.redcross.is/reykjavik

Samvinna skilar árangri

Þessi bæklingur er unninn í samvinnu við SAMFOK.



SAMFOK er samband foreldrafélaga og foreldraráða í skólum Reykjavíkur á grunnskólastigi. Markmið SAMFOK eru meðal annars að beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf og standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska. Forvarnastarf þarf að hefjast strax í fyrsta bekk grunnskóla með öflugu og góðu bekkjarstarfi þar sem foreldrar, nemendur og kennari eru virkir þátttakendur. Hlutverk SAMFOK er meðal annars að styrkja foreldra til að takast á við þetta hlutverk og beita sér fyrir auknu samstarfi foreldra og skóla. Þessi bæklingur er hluti af verkefni Forvarnarykil SAMFOK.

Parftu aðstoð og góð ráð?

SAMFOK

Laugavegur 7, Mannhæðin
sími 562 7720, bréfasími 552 2721
netfang: samfok@samfok.is
www.samfok.is

Fjölskyldumiðstöð

Heilsuverndarstöðinni v/Barónsstíg 47
sími 511 1599
netfang: fjolskyldumidstod@barnivanda.is
www.barnivanda.is

Vímulaus æska – foreldrahúsið

Foreldrasíminn opin allan sólarhringinn – 581 1799
netfang: vimulaus@mmedia.is



Sjónvarp

og áhrif þess á börn og unglínga

Útgefandi: Reykjavíkurdéild Rauða kross Íslands
Unnið upp úr bæklingunum Facts for families, með góðfúslegu leyfi American Academy of Child & Adolescent Psychiatry – www.aacap.org